

Öldungadeild Skýrslutæknifélags Íslands

Skýrsla til stjórnar félagsins um starfsemina á árinu 2011.

Á stjórnarfundum öldungaráðs 17. september 2010 lét Jóhann Gunnarsson af formennsku, sem hann hefur gegnt frá stofnun Öldunadeildar, og er full ástæða er til að þakka honum fyrir öflugt og farsælt starf

Á fundinum tók Þorsteinn Hallgrímsson við formennsku en vegna misskilnings láðist honum að boða skýrslufund (aðalfund) í tæka tíð fyrir aðalfund SKÝ 2011. Varð það úr að Jóhann Gunnarsson gerði skýrslu til stjórnar og fórst það vel. Öldungaráð fyrir árið 2011 er því óbreytt frá árinu áður. Í því sitja Ágúst Úlfar Sigurðsson, Jóhann Gunnarsson, Sigurður Bergsveinsson, Þorsteinn Hallgrímsson og Örn Kaldalóns. Bergþóra Ketilsdóttir er varamaður.

Skýrslufundur (aðalfundur) fyrir árið 2011 var haldinn 8 desember 2011 í húsakynnum Nýherja hf að Borgartúni 37 í Reykjavík. 13 manns sóttu fundinn og nutu hádegisverðar í boði fyrirtækisins en í upphafi fundar kynnti Sigurður Bergsveinsson fundarmönnum öfluga starfsemi Nýherja hf.

Á fundinum var kosin ný stjórn Öldungadeildar og skipa hana Bergþóra K. Ketilsdóttir, Jón Ragnar höskuldsson, Sigurður Bergsveinsson, Þorsteinn Hallgrímsson og Örn Kaldalóns. Varamaður í stjórn var kjörinn Ágúst Sigurðsson.

Félagsstarf

Tveir stjórnarfundir voru haldnir á árinu, þann 9. febrúar 2011 á skrifstofu SKÝ og þann 17. maí hjá Borgun hf. Þakka ber fyrir veitingar sem boðið var upp á.

Minjasöfnun

Að venju hverfist starf stjórnar einkum um hið eilífa vandamál að tryggja varðveislu minja um sögu upplýsingatækninnar á Íslandi. Hvað búnað snertir er besta lausnin að safna öllum búnaði á einn stað og helst að hafa þar sýningaraðstöðu en það er dýrt og ljóst að af því verður ekki í bráð. Þangað til er brýnt að halda til haga því sem til er og gæta að því að það glatist ekki. Haft var samband við ýmsa sem líklegt er að eigi eldri tölvubúnað eða viti hvar hann sé að finna og bærust frá þeim upplýsingar um búnað sem þeir hafa í sínum fótum eða vita um. Stærsta safnið sem vitað er um er í eigu og vörslu Landsbankans hf og er það mun meira að vöxtum en sú skrá sem Öldungadeild á um þetta safn. Einnig er vitað um talsvert af munum hjá Orkuveitu Reykjavíkur og hjá Arionbanka á Akranesi.

Stjórnin telur að brýnt sé að skrá búnaðinn í sameiginlegan gagnagrunn og þykir hentugast að nota Excel töflureikni og flytja þaðan þegar þörf er á í fjölbærari gagnagrunn. Í því skyni var búið til skráningareyðublað og það sent til umsagnar þeim sem haft var samband við vegna varðveislu tölvubúnaðar. Skráningarskjalið verður gert aðgengileg á WIKI síðu sem ráðgert er að setja upp á vef SKÝ.

Einnig var rætt um skráningu á sögu upplýsingartækni á Íslandi og ef til vill er Miðstöð munnlegrar sögu hentug stofnun til að safna þeim gögnum.

Svo sem jafnan hefur verið gert í ársskýrslum skal enn skorað á alla sem eiga óskráðar minningar, eða minjar, að koma þeim á framfæri með einhverjum hætti.

Söguvefur

Söguvefurinn hefur ekkert aukist á liðnu ári.

Ráðstefnur

Ekki voru, svo vitað sé, sóttar ráðstefnur er tengjast markmiðum Öldungadeildar.

Húsnæðismál

Enn eitt ár er liðið án þess að miðað hafi í húsnæðismálum fyrir upplýsingatæknisafn.

Lokaorð

Það er að sjálfsgöðu markmið Öldungardeildar að efla starfið og fjölga meðlimum og í því skyni dreifði framkvæmdastjóri SkÝ (Arnheiður Guðmundsdóttir) upplýsingum um deildina til allra félagsmanna SKÝ og hvatti þá til að gerast meðlimir. Það bar því miður ekki mikinn árngur og er það skoðun formanns að vænlegast til árangurs sé að fá núverandi meðlimi til þess að hafa beint samband við þá sem þeir þekkja og hvetja þá til að gerast meðlimi.

Þess ber að geta að fram hefur komið sú hugmynd að hafa samband við HÍ um að fá nema í Mastersnámi til að skrifa ritgerð um sögu tölvutækninnar á Íslandi.

Það er von öldungaráðs að á árinu 2012 og framvegis muni takast að blása nýju lífi í starf Öldungadeildar Ský.

Öllum sem sótt hafa fundi og/eða lagt starfi Öldungadeildar Skýrslutæknifélags Íslands lið á árinu 2011 skal hér með þakkað af alhug.